

Menntarannsóknasjóður

Rannsóknaráherslur 2023

Nám og kennsla nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og fjöltyngi.

Undanfarin ár hefur nemendum í leik-, grunn- og framhaldsskólum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn fjölgað umtalsvert og hafa stjórnvöld lagt áherslur á að mæta náms- og félagsþörfum þeirra með markvissari hætti. Mikilvægt er að framboð á námsefni fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn verði í samræmi við vaxandi þörf og að framboð á starfsþróunarnámskeiðum fyrir kennara og annars fagfólks í skóla- og frístundastarfi verði fyrir hendi til að mæta áskorunum sem við blasa. Samkvæmt TALIS rannsókn Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) á starfsháttum og viðhorfum kennara og skólastjórna á unglingsstigi grunnskóla frá árinu 2018 hefur hlutfall kennara sem sækist eftir aukinni þjálfun í kennslu nemenda með fjölmenningslegan bakgrunn vaxið frá árinu 2013, úr 9% í 19% árið 2018. Inntak kennaranáms og starfsþróun kennara og annarra fagstétta í skólastarfi þarf að taka mið af þeim áskorunum sem fjölmennig í skóla- og frístundastarfi hefur í för með sér. Mikilvægt er að íslenskt menntakerfi mæti námslegum og félagslegum þörfum nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn á öllum skólastigum svo þeir standi jafnfætis jafnöldrum sínum, nái góðri færni í íslensku og hafi tækifæri til að taka virkan þátt í íslensku samfélagi.

Menntun og farsæld barna og ungmenna og þverfagleg samvinna milli skólastiga og þjónustukerfa.

Árið 2018 lýstu ráðherrar félags- og jafnréttismála, heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, dómsmála, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og Samband íslenskra sveitarfélaga yfir vilja til þess að auka samstarf milli málefnaþátta sem undir hvern og einn aðila heyrir og snúa að velferð barna. Markmiðið var að brjóta niður múra sem kunna að myndast á milli kerfa þegar tryggja þarf börnum heildstæða og samhæfða þjónustu. Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna leggja grunninn að því að öll börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þverfagleg samvinna milli skólastiga og þjónustukerfa er nauðsynleg til að ná fram markmiðum stjórnvalda um að setja börn í forgrunn og skapa barnvænt samfélag. Skólakerfið og þau þjónustukerfi sem styðja við farsæld barna og ungmenna starfa sem ein samofin heild þar sem veitt er farsældarþjónusta á vegum ríkis og sveitarfélaga.

Þróun kennsluhátta í íslensku, stærðfræði og náttúrugreinum á grunn- og framhaldsskólastigi.

Í inngildandi skólastarfi þarf að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum og á val á kennsluaðferðum og skipulag skólastarfs að skapa nemendum sem bestu mögulegu tækifæri til náms og þroska. Þróun kennsluhátta er einn af hornsteinum þegar kemur að gæðum skólastarfs og hvernig koma má til móts við fjölbreyttan nemendahóp með nýjum og skapandi leiðum. Rannsóknir á þróun kennsluhátta varpa ljósi á hvernig mismunandi kennsluhættir þjóna hæfniviðmiðum aðalnámskráa í viðkomandi greinum og geta því haft mikil áhrif á nám og þroska nemenda og hvað hefur reynst vel til að efla færni, áhuga og sjálfstæði nemenda.

Læsi og námsorðaforði.

Mikilvægt er að gripið verði til víðtækra aðgerða til þess að efla læsi og bæta orðaförða og málskilning nemenda á öllum skólastigum.

Leikskóli:

- Staðan á orðaförða/málskilningi leikskólabarna, forsendur til tjáningar og til að takast á við formlegt lestrarnám.
- Staða leikskólabarna á orðaförða og í málskilningi og forsendur til tjáningar og til að takast á við formlegt lestrarnám.

Grunnskóli: Lært að lesa og lesið til að læra

- Kennsluhættir og aðferðir í lestrarkennslu byrjenda og lengra kominna. Nýting matstækja til gagnadrifinnar ákvarðanatöku varðandi áherslur og næstu skref í kennslu og vitund kennara um árangur/skilvirkni eigin kennsluhátta.
- Lestrarkennsla á mið- og unglíngastigi? Hvaða leiðir eru farnar til að þoka nemendum upp á næsta stig læsis eftir að kennslu tæknilegrar hliðar lestrar lýkur?
- Hver er hæfni nemenda á unglíngastigi til að takast á upplýsingaóreiðu/falsfréttir í gegnum lestur?

Framhaldsskóli: Læsi í þágu náms og samfélagsþáttöku

- Hverjar eru forsendur nemenda í 10. bekk og framhaldsskólanema á fyrsta ári í námi til að takast á við lesefni námsstigsins?
- Að hvaða marki er skortur á lestrarhæfni ástæða fyrir brottfalli nemenda á framhaldsskólastigi?

Kennaraspá fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastig (nýliðun, brotthvarf og starfsumhverfi).

Undanfarin ár hafa stjórnvöld unnið að því að auka aðsókn í kennaranám og fjölga útskrifuðum kennurum en jafnframt að sporna við brotthvarfi kennara. Mikilvægt er að kortleggja þróun undanfarinna ára á fjölda stöðugilda kennara og skólastjórnenda á hverju skólastigi og kennarapörf til framtíðar. Kennaraspá er til þess fallin að styðja við stefnumótun stjórnvalda í málefnum kennara og skólastjórnenda og gæðum skólastarfs. Henni er m.a. ætlað að spá fyrir um fjölda kennara sem þarf að útskrifa til að mæta eftirspurn skólastíganna þriggja, varpa ljósi á þróun og ástæður fyrir brotthvarfi kennara og greina leiðir til að draga úr brotthvarfi og bæta starfsumhverfi. Einnig verði lagt mat á fjölda stöðugilda kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, og skoðaður svæðisbundinn kennaraskortur.

Farsælt frístundastarf fyrir börn á aldrinum 6-18 ára.

Farsæld barna í frístundastarfi grundvallast á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, lögum um grunnskóla og æskulýðslögum. Farsælt frístundastarf í félagsmiðstöðvum, frístundaheimilum og ungmennahúsum skipar mikilvægan sess þegar kemur að hlutverki þjónustuveitenda við innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu barna. Markmið farsæls frístundastarfs er meðal annars að tryggja að öll börn á aldrinum 6-18 ára hafi jöfn tækifæri til þess að stunda skipulagt og faglegt frístundastarf á eigin forsendum, óháð aðstæðum sínum og stuðningsþörfum hvers og eins. Frístundastarf í félagsmiðstöðvum, frístundaheimilum og ungmennahúsum hefur forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Frístundastarf er mikilvægt jöfnunartæki sem mætir börnum og ungmennum á eigin forsendum í öruggu og faglegu umhverfi þar sem áhersla er lögð á jöfnuð, umhyggju, inngilding og virðingu. Skipulagt farsælt frístundastarf eykur þverfaglegt samtal og samstarf, vinnur þvert á kerfin og brýtur niður kerfislæga múra í þágu barna og ungmenna.